

Svarti Pétur

Spil fyrir 2-10 sem hentar vel ungum börnum.

Gögn: Spilastokkur með 52 spilum.

Undirbúningur: Eitt spil er dregið úr spilastokknum og sett til hliðar án þess að nokkur sjái. Spilin sem eru eftir eru gefin réttisælis, eitt í einu. Allir skoða spilin sín og “jafna”, en það þýðir að finna á allar tveggja spila samstæður á hendi og leggja til hliðar. Þær eru ekki meira með í spilin.

Gangur spilsins: Spilið gengur út á að losna við öll spilin af hendi. Sá sem situr uppi með síðasta spilið er *Svarti Pétur* og hann er sá sem tapar.

Sá sem er á vinstri hönd við þann sem gaf byrjar og dregur eitt spil af þeim sem gaf, passa vandlega að enginn sjái spilin. Sé hægt að jafna nýja spilinu við eitthvert þeirra spila sem eru á hendinni má kasta þeirri samstæðu. Síðan dregur sá næsti til vinstri o.s.frv. Þegar spilari hefur losnað við öll spilin af hendinni er hann ekki lengur með í spilin og þar með sloppinn við að verða *Svarti Pétur*. Síðasta spilið jafnast síðan við spilið sem upphaflega var dregið úr bunkanum og sá sem er með það á hendi verður *Svarti Pétur*.